

	<b>I EES-STOFNANIR</b>	
	1. EES-ráðið	
	2. Sameiginlega EES-nefndin	
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	<b>III EB-STOFNANIR</b>	
	1. Ráðið	
	2. Framkvæmdastjórnin	
<b>2008/EES/51/01</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5183 – Centrex/ZMB/Enia/JV).....	<b>1</b>
<b>2008/EES/51/02</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5254 – Acea/Ondeo Italia/Acque Blu JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	<b>2</b>
<b>2008/EES/51/03</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5255 – TDK/Epcos).....	<b>3</b>
<b>2008/EES/51/04</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5261 – CLN/Wagon/WM JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	<b>4</b>
<b>2008/EES/51/05</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5276 – Diehl/Thales/Laupheim) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	<b>5</b>
<b>2008/EES/51/06</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5286 – Lion Capital/Foodvest).....	<b>6</b>
<b>2008/EES/51/07</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5293 – Santander/Alliance & Leicester).....	<b>7</b>

**2008/EES/51/08**

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5304 – Indaver/  
NEIF/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . 8

**3. Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**

**2008/EES/51/01**

**(Mál COMP/M.5183 – Centrex/ZMB/Enia/JV)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. ágúst 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið Centrex Europe Energy & Gas AG, sem tilheyrir hinu kýpverska Centrex Group Holding Ltd. („Centrex“) og lýtur yfirláðum þýska fyrirtækisins Bank for Foreign Trade of the Russian Federation, ZMB GmbH gegnum önnur félög, en það lýtur aftur yfirláðum rússneska fyrirtækisins OAO Gazprom („Gazprom“) gegnum önnur félög, og ítalska fyrirtækið Enia SpA öðlast með hlutafjárkaupum og eignaframlagi í sameiningu yfirláð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ítölsku fyrirtækjunum Enia Energia SpA, en það er sem stendur að fullu í eigu Enia SpA, og SPV JV, sameiginlegu fyrirtæki sem er stofnað í afmörkuðum tilgangi.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Centrex: uppbygging og rekstur orkuvera, einkum í ríkjum Evrópusambandsins og Samveldi sjálfstæðra ríkja
  - Gazprom: jarðgasleit, jarðgasvinnsla og flutningur, hreinsun og markaðsfærsla á jarðgasi og jarðolíuafurðum
  - Enia SpA: sala á raforku og gasi, vatnsveita, fráveita, sorphirða, hitaveita og tengd þjónusta í sveitarfélögunum Parma, Piacenza og Reggio Emilia
  - Enia Energia SpA: dótturfélag Enia SpA á sviði raforkuviðskipta; selur gas og raforku
  - SPV JV: innkaup, innflutningur og sala á gasi til fyrirtækja
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 212, 20. ágúst 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5183 – Centrex/ZMB/Enia/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5254 – Acea/Ondeo Italia/Acque Blu JV)**

2008/EES/51/02

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. ágúst 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítölsku fyrirtækin Acea SpA og Ondeo Italia SpA („Ondeo“), sem tilheyrir frönsku samsteypunni Suez SA, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, hinu ítalska Acque Blu Srl.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Acea SpA: ítalskt almannaþjónustufyrirtæki
  - Ondeo: vatnshreinsun og vatnsveita, fráveita og skolphreinsun á Ítalíu
  - Suez SA: starfsemi á sviði gass og raforku, orkuþjónustu og vatns- og umhverfisþjónustu
  - Acque Blu Srl: vatnshreinsun og vatnsveita, fráveita og skolphreinsun í Toscana á Ítalíu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 212, 20. ágúst 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5254 – Acea/Ondeo Italia/Acque Blu JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5255 – TDK/Epcos)**

2008/EES/51/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. ágúst 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið TDK Corporation („TDK“) öðlast með yfirtökuboði, sem var tilkynnt 31. júlí 2008, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Epcos AG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - TDK: þróun, framleiðsla og sala á i) rafeindabúnaði og rafeindaíhlutum, m.a. óvirkum og rafvélrænum íhlutum, og ii) upptökumiðlum á borð við hljóðbönd, myndbönd, CD-R-diska, Minidisc-diska, DVD-diska og geymslumiðla með segulböndum fyrir tölvur
  - Epcos AG: þróun, framleiðsla og sala á rafeindaíhlutum, einkum óvirkum rafvélrænum íhlutum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 210, 19. ágúst 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5255 – TDK/Epcos, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5261 – CLN/Wagon/WM JV)**

2008/EES/51/04

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. ágúst 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið CLN Coils Lamiere Nastri SpA („CLN“) og breska fyrirtækið Wagon plc öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, hinu ítalska WM S.r.l. („WM“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - CLN: þróun, framleiðsla og sala á íhlutum úr málmi, völsuðum stálvörum og hjólum undir bifreiðar, atvinnuökutæki og vélhjól
  - Wagon plc: þróun, framleiðsla og sala á yfirbyggingum á ökutæki
  - WM: þróun, framleiðsla og sala á völsuðum stálbitum í undirbyggingar atvinnuökutækja og vörubifreiða
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 212, 20. ágúst 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5261 – CLN/Wagon/WM JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5276 – Diehl/Thales/Laupheim)**

2008/EES/51/05

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. ágúst 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Diehl Stiftung & Co. KG („Diehl“) og franska fyrirtækið Thales SA öðlast með eignakaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í þýsku framleiðslueiningunni Laupheim í eigu hins þýska Airbus Deutschland GmbH („Airbus“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Diehl: starfsemi á sviði varnar- og flugkerfa
  - Thales SA: starfsemi sviði flugtækni, varnarkerfa og öryggisbúnaðar
  - Laupheim: framleiðsla á innréttingum í farþegarými
  - Airbus: framleiðsla á loftförum og tengd þjónusta
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 213, 21. ágúst 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5276 – Diehl/Thales/Laupheim, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5286 – Lion Capital/Foodvest)**

2008/EES/51/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. ágúst 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Lion Capital LLP öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Foodvest Equity Co S.A. („Foodvest-samsteypunni“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Lion Capital LLP: fjárfestingar í óskráðum félögum
  - Foodvest-samsteypan: matvælavinnsla og dreifing á matvælum til smásala og veitingafyrirtækja
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 214, 22. ágúst 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5286 – Lion Capital/Foodvest, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5293 – Santander/Alliance & Leicester)**

2008/EES/51/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. ágúst 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið Banco Santander, SA öðlast með samningi um yfirtöku og hlutafjárskiptum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Alliance & Leicester plc.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Banco Santander, SA: viðskiptabankastarfsemi, eignastýring, fyrirtækja- og fjárfestinga-bankastarfsemi og tryggingar
  - Alliance & Leicester plc: fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 214, 22. ágúst 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5293 – Santander/Alliance & Leicester, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5304 – Indaver/NEIF/JV)**

2008/EES/51/08

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. ágúst 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belgíska fyrirtækið Indaver NV og hollenska fyrirtækið NEIF Infrastructure Investments Holding I BV („NEIF“), sem lýtur yferráðum hins bandaríska JC Flowers („JCF“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yferráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýsku fyrirtækjunum SAV Betiligungs GmbH og SAV Verwaltungs GmbH (einu nafni „SAV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Indaver NV: samþætt þjónusta og heildarlausnir á sviði sorps og úrgangs í Evrópu
  - NEIF: fjárfestingasjóður sem er dótturfélag NIBC, viðskiptabanka sem selur fyrirtækjum fjármálaþjónustu
  - SAV: hirðing og meðferð á hættulegum úrgangi, einkum í Þýskalandi
  - JCF: ráðgjöf og fjárfestingar í óskráðum félögum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 212, 20. ágúst 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5304 – Indaver/NEIF/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.